

## AUGLÝSING

### um flutningsjöfnunargjald á olíuvörum.

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara tilkynnir Byggðastofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olíuvörum verður sem hér segir frá og með 1. desember 2020 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið:

Bifreiðabensín	0,10 kr. á lítra
Gasolía	0,60 kr. á lítra
Aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,00 kr. á kg
Flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,30 kr. á lítra
Flugvélabensín	0,00 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara skulu dreifingar- aðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Innheimtumenn ríkissjóðs annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins.

Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 1219/2019.

*Byggðastofnun, 17. nóvember 2020.*

**Aðalsteinn Þorsteinsson** forstjóri.

---

*Arnar Már Elíasson,*  
formaður stjórnar  
Flutningsjöfnunar-  
sjóðs olíuvara.